

**Mál nr. 134/2017**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. sjúklingatryggingar.**

**Krafa um greiðslu ferðakostnaðar vegna mistaka við tannréttingarmeðferð á árinu 2012.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 12.4.2017 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 24.4.2017

**Málsatvik.**

M fór í tannréttingameðferð í Portúgal á árinu 2012 þar sem sérstakri tækni var beitt og leitaði síðan til tannlæknis á Íslandi til að halda áfram meðferðinni. V hefur fallist á bótaskyldu úr sjúklingatryggingu tannlæknisins vegna líkamstjóns M. Ágreiningur er um greiðslu ferðakostnaðar til Portúgals í tengslum við meðferðina og hefur M skotið honum til nefndarinnar. V telur að ágreiningur aðila sé um bótafjárhæð og hafnar því að úrskurðarnefndin fjalli um málið þar sem V veiti ekki samþykki sitt til þess og án slíks samþykkis sé nefndinni ekki heimilt að fjalla um mál eða kveða upp úrskurði og vitnar til samþykka fyrir nefndina máli sínu til stuðnings.

**Álit.**

Í málinu er ekki deilt um ákvæði vátryggingarsamnings, ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 eða bótaskyldu úr sjúklingatryggingu. Ágreiningur aðila varðar það hvort V beri að greiða ákveðinn tilgreindan kostnað M vegna málsins og byggir M kröfur sínar um slíka greiðslu á 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í 2. mgr. 3. gr. samþykka fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sem birtar eru með auðlýsingu nr. 1090/2005, segir: „Nefndin úrskurðar um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila.“ Ágreiningur um greiðslu skv. 1. gr. skaðabótalaga felur í sér ágreining um bótafjárhæð, þ.e. hvaða greiðslu eigi að fallast á skv. ákvæðinu. Í bréfi V dags. 24.4.2017 kemur fram að V fellst ekki á að nefndin úrskurði um bótafjárhæð í máli þessu og liggur því ekki fyrir samþykki allra málsaðila í skilningi samþykktanna. Verður því að vísa málinu frá nefndinni.

**Niðurstaða.**

Málinu er vísað frá nefndinni.

Reykjavík 23.5. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.